

# Menntamál og opinber fjármál

Ályktun Haustþings  
Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Klifi - Ólafvík

16. október 2024



## Leik- og grunnskólar

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að fylgja sívaxandi fjölda barna af erlendum uppruna í skólakerfinu með sérstöku fjárframlagi til sveitarfélaga eins og t.a.m. í gegnum jöfnunarsjóð.**

Börn af erlendum uppruna þurfa sérstakan stuðning í skólakerfinu en flestar kannanir benda til að brottfall í þeirra hópi úr skólakerfinu er miklu meira en annarra nemenda. Efla þarf kennslu á eigin móðurmáli barna sem og íslenskukennslu. Góð færni í eigin móðurmáli er grunnurinn að öllu öðru námi, þ.á.m. íslensku. Börnum með erlent ríkisfang hefur fjölgað á Vesturlandi. Ef skoðaður er fjöldi barna af erlendum uppruna frá árunum 2010-2024, hefur fjöldi þeirra tvöfaldast á þessu tímabili á Vesturlandi.

## Framhalds- og háskólar

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja að menntastofnanir á Vesturlandi á framhalds- og háskólastigi njóti áframhaldandi stuðnings til að halda úti starfsemi sem byggir á sérstöðu og sjálfstæði hverrar stofnunar.**
- **Haustþing SSV fagnar því að tekist hefur með samstilltum aðgerðum að auka ásókn í iðnnám og hvetur ríkið til að tryggja fjármuni svo mæta megi þessari auknu aðsókn. Meðal annars þarf að fjölga menntuðum kennurum, tryggja verknámsskólum aðstöðu og tækjabúnað og ekki síst fjölga tækifærum til starfsmenntunar og iðnmenntunar á landsbyggðinni.**
- **Haustþing SSV leggur áherslu á mikilvægi þess að samþætta almenningssamgöngur, svo þær nýtist sem best þeim sem stunda framhalds-, háskólanám og tómstundastarf. Mikilvægt er að halda fargjöldum hófstílltum til að tryggja jafnt aðgengi að almenningssamgöngum.**
- **Haustþing SSV fagnar tillögum starfshóps Heilbrigðisráðuneytisins og Byggðastofnunar um sérstaka ívilnun við endurgreiðslu námslána til lánþega sem búsettir eru á skilgreindum svæðum á landsbyggðinni <sup>1</sup> og hvetur fjárveitingavald til að tryggja að slíkar ráðstafanir séu gerlegar.**

<sup>1</sup> <https://www.byggdastofnun.is/is/frettir/ivilnanaheimildir-menntasjods-namsmanna-geta-audveldad-monnun-heilbrigdisstofnana-i-landsbyggdunum>

- **Haustþing SSV fagnar því að í fjárlagafrumvarpi 2025 séu háskólar landsins eflDIR með nýrri árangurstengdri fjármögnun um leið og aðgangshindrunum er rutt úr vegi.<sup>2</sup>**
- **Haustþing SSV skorar á ríkið að knýja á um að námsbrautir eða námslínur á háskólastigi sem einungis eru kenndar í staðnámi verði boðnar í fjarnámi einnig og þannig tryggt að allir landsmenn hafi jafnt aðgengi að háskólanámi.**
- **Haustþing SSV skorar á ríkið að leita leiða til að jafna frekar aðstöðumun námsmanna, t.d. með búsetustyrkjum /dreifbýlisstyrkjum bæði á framhalds- og háskólastigi.**
- **Haustþing SSV telur mikilvægt að fólk af erlendum uppruna fái menntun sína metna og viðurkennda og sé gert kleift að starfa við sitt fagsvið.**

Haustþing SSV telur mikilvægt að nám sé aðgengilegt öllum.

Það er afar brýnt að HÍ opni námslínur sínar og bjóði upp á fjarnám, bæði í grunnnámi og meistaranámi, til að koma til móts við landsbyggðina og rækja hlutverk sitt sem Háskóli allra landsmanna. Nefna má að mastersnám í sálfræði, félagsráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf og þroskaþjálfun við Háskóla Íslands er kennt í staðnámi. Þetta getur leitt til þess að nemendur af landsbyggðinni ná ekki að klára starfsréttindi sín og nýta þau á sínu búsetusvæði. Aðgengi að námi, án þess að þurfa að flytja búferlum, gegnir lykilhlutverki í því að efla fagþjónustu á landsbyggðinni. Reynslan hefur sýnt að miklu meiri líkur eru á að fólk haldi búsetu sinni ef það getur sótt nám án þess að flytja brott. Tilkoma nýrra laga um farsæld barna, ásamt hraðri fjölgun innflytjenda og móttöku flóttafólks kallar á aukna þörf á sérhæfingu starfsfólks sveitarfélaga og stofnana. Því er brýnt að háskólar sinni landsbyggðinni betur.

Þá er mikilvægt að menntun fólks af erlendum uppruna sé metin og þeim sé gert kleift að starfa við sitt fagsvið. Með því má bæta lífsgæði fólks og efla fjölbreytni og þekkingu í íslensku samfélagi.

Starfshópur á vegum heilbrigðisráðuneytisins skilaði tillögum um breytingu ívilnanaheimilda til að auðvelda mönnun heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni sumarið 2023, með niðurfellingu á hluta námslána fyrir sérfræðinga sem flytja á skilgreind svæði á landsbyggðinni. Byggðastofnun hefur einnig unnið svæðaskilgreiningu, þar sem tekið er fram hvaða svæði falla þar undir. Slíkar ívilnanir geta eftt búsetu í fámennari byggðarlögum og bætt aðgengi að sérfræðiþjónustu á heilbrigðissviði á landsbyggðinni. Haustþing fagnar því.

<sup>2</sup> <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2024/09/13/Fjarlog-2025-Verdmaetaskopun-a-skilvirkum-og-abyrgum-grunni/>

## Opinber þjónusta – málefni sveitarfélaga, fjármál og samskipti við ríkið

- **Haustþing SSV gerir þá kröfu að ráðuneyti og Alþingi geri það að forgangsverkefni að fækka „gráum svæðum“ í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.**
- **Haustþing SSV leggur áherslu á að við endurskoðun sveitarstjórnarlaga verði lögfest að óheimilt verði að fela sveitarfélögum verkefni eða leggja á þau auknar skyldur nema þau hafi verið kostnaðarmetin og fjármögnun þeirra að fullu tryggð.**
- **Haustþing SSV telur að svokallað höfuðborgaralag í nýendurskoðuðum tillögum um jöfnunarsjóð sveitarfélaga þurfi að ná til fleiri þjónustukjarna. Höfuðborgaralag eigi við um fleiri þjónustukjarna um land allt eins og t.a.m. Akraneskaupstað.**
- **Haustþing SSV leggur áherslu á að tekjustofnar sveitarfélaga verði breikkaðir og styrktir til að stuðla að fjárhagslegri sjálfbærni þeirra.**
- **Haustþing SSV skorar á ríkið að útfæra, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, heimild til handa sveitarfélögum að leggja álag á fasteignaskatta íbúðarhúsnæðis, sem falla undir A-skatt, sé enginn skráður með lögheimili í húsnæðinu.**
- **Haustþing SSV leggur til að virðisaukaskattur verði afnuminn af allri starfsemi sveitarfélaga og þá sérstaklega af skilgreindum innviðaframkvæmdum þeirra.**
- **Haustþing SSV leggur til að sveitarfélög verði undanskilin fjármagnstekjuskatti.**
- **Haustþing SSV leggur áherslu á mikilvægi þess að sveitarfélög fái fjármuni í samræmi við útgjöld frá ríkinu, til að standa undir útgjöldum sveitarfélaga vegna lögbundinnar þjónustu við fatlað fólk.**

Opinber þjónusta sem veitt er af sveitarfélögum og ríki hefur mikil áhrif á lífsgæði fólks, vöxt og viðgang samfélaga. Til að standa undir þeim verkefnum sem sveitarfélögum eru falin að lögum, þarf að tryggja þeim nauðsynlega tekjustofna sem þurfa að vera fjölbreyttir, stöðugir og gagnsæir. Á undanförunum árum hefur þeim tilvikum fjölgað þar sem ýmis verkefni og ábyrgð á þeim hafa verið færð til sveitarfélaganna án þess að kostnaðarleg áhrif þeirra hafi að fullu verið metin og fullnægjandi fjármagn fylgt þeim. Þetta á t.d. við um

þjónustu við fatlað fólk. Mikilvægt er að ríki komi til móts við sveitarfélögin, t.d. með niðurfellingu virðisaukaskatts af innviðaframkvæmdum sveitarfélaga. Slíkt hefði víðtæk jákvæð áhrif og gæfi sveitarfélögum tækifæri til fleiri innviðaverkefna og uppbyggingar fyrir íbúa landsins. Nauðsynlegt er að tryggja sveitarfélögum fjölbreyttari tekjustofna þannig að sveitarfélögin geti betur staðið undir þeirri mikilvægu nærþjónustu sem þau sinna, t.a.m. með hlutdeild í fjármagnstekjusköttum þannig að allir skattgreiðendur greiði sanngjarnan hlut skatta sinna til sveitarfélaga. Einnig er mikilvægt að sveitarfélög hafi víðtækari heimild til að auka álögur á þá sem eiga húsnæði innan byggðarlaga, dvelja þar og nýta þjónustu, en greiða ekki útsvar til viðkomandi sveitarfélags.

## Störf á vegum ríkisins og óstaðbundin störf

- **Haustþing SSV skorar á ríkisstjórnina að fjölga störfum á vegum ríkisins á Vesturlandi. Með því mætti efla landshlutann, styrkja vinnumarkaðinn, hagræða í opinberum rekstri og skapa meira jafnvægi á milli landshluta.**
- **Haustþing SSV fagnar áformum umhverfis,- orku- og loftslagsráðherra að flytja höfuðstöðvar Náttúrufræðistofnunar á Vesturland og því samráði sem ráðherra hefur viðhaft við sveitarfélögin varðandi fjölgun opinberra starfa á Vesturlandi.**
- **Haustþing SSV skorar á ríkisstofnanir og ráðuneyti að fylgja af einurð eftir markmiðum núgildandi byggðaáætlunar um að búsetufrelsi verði eftt með fjölgun atvinnutækifæra og auknum fjölbreytileika starfa á landsbyggðinni.**
- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að sameiningar ríkisstofnana leiði ekki til fækkunar starfa á Vesturlandi.**
- **Haustþing SSV hvetur atvinnurekendur til að nýta tækifæri sem felast í því að bjóða upp á óstaðbundin störf á almennum markaði.**

Í september 2022 kom út skýrsla Bygðastofnunar, Hvar eru ríkisstörfin<sup>3</sup>, þar sem fram kemur að flest stöðugildi á vegum ríkisins eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu (72%). Þar er hlutfall stöðugilda hærra en hlutfall landsmanna sem þar býr (64%). Þetta á ekki við um neinn annan landshluta. Á Vesturlandi búa 4,5% landsmanna en hlutfall stöðugilda er 3,2%. Mikilvægt er að ríkið fjölgi opinberum störfum á landsbyggðinni og styðji þannig við fjölbreytta atvinnuuppbyggingu um allt land. Flutningur Náttúrufræðistofnunar er liður í því og fangar haustþingið þeim áformum. Víðs vegar á Vesturlandi hefur verið byggð upp góð vinnuaðstaða fyrir fólk sem stundar atvinnu sína í fjarvinnu. Innviðirnir eru því til staðar til þess að efla og fjölga óstaðbundnum störfum.. Þá á ríkið einnig skrifstofuhúsnæði á Vesturlandi sem eru vannýtt.

<sup>3</sup> Bygðastofnun. *Hvar eru ríkisstörfin*. (31.12.2021). Sjá:

[https://www.bygdastofnun.is/static/files/Starfagreining/31.12.2022/rikisstorf\\_31-12-2022.pdf](https://www.bygdastofnun.is/static/files/Starfagreining/31.12.2022/rikisstorf_31-12-2022.pdf)

## Stafrænar lausnir

- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að setja aukið fjármagn og að forgangsraða fjármunum í stafrænar lausnir þannig að upplýsingatækni sé nýtt til að bæta þjónustu við íbúa í verkefnum sem nú flæða á milli ríkis og sveitarfélaga.**

Haustþing SSV telur að tækifæri séu fólgin í uppbyggingu snjall lausna hjá hinu opinbera og ávinningurinn sé betri þjónusta við íbúa og þjónustugega og hagkvæmari rekstur sveitarfélaganna. Gríðarleg tækifæri eru fólgin í að bæta þjónustu með hjálp tækninnar. Þetta á við um opinbera þjónustu, svo sem við skráningu í tómsundur barna og unglinga, tungumálakennslu fólks af erlendum uppruna, fjarheilbrigðisþjónustu, umsóknarferli og eftirlit er varðar framkvæmdir og svo má lengi telja. Þá eru augljós gildi í bættara upplýsingaflæði með hjálp upplýsingatækninnar.